



Nefndasvið Alþingis  
Alþingi Íslendinga  
150 Reykjavík

6. desember 2007

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjarasaminga opinberra starfsmanna nr. 94/1986

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla leggst gegn því að 2. mgr. 7. gr. laganna verði felld brott, þrátt fyrir að Fjármálaráðuneytið þvingi prófessora við ríkisháskóla til að greiða í önnur stéttarfélög háskólakennara með tilvísun til nefndrar lagagreinar. Prófessorar við ríkisháskóla hafa stofnað eigið stéttarfélag og stjórn þess félags telur sjálfsagt að allir prófessorar við ríkisháskóla greiði til þess félags enda skiptir þjónusta félagsins prófessora miklu sérstaklega hvað varðar kjaraleg atriði. Niðurfelling téðrar lagagreinar kynni að knýja samningsréttarfélag til að leggja fremur áherslu á skammtímahagsmuni en langtímahagsmuni. Félag prófessora við ríkisháskóla sér ekki með hvaða hætti slík breyting bætir hag lands og lýðs.

Virðingarfyllt,

Gísli Már Gíslason  
formaður Félags prófessora